

Norræna lækna ráðið

Jón Snædal kjörinn formaður



Jón Snædal varaformaður Læknafélags Íslands og formaður Norræna lækna ráðsins í góðum félagsskap við útskrift læknastúdenta. Jóni á hægri hönd er eiginkona hans, Guðrún Karlsdóttir, en Ásdís Rafnar framkvæmdastjóri LÍ á þá vinstri.

Pröstur Haraldsson

Á FUNDI NORRÆNA lækna ráðsins sem haldið var í Osló í lok maímánaðar bar það til tíðinda að Jón Snædal var kosinn formaður ráðsins til næstu tveggja ára. Kosning hans tengist því að röðin er komin að Íslandi að halda næsta fund ráðsins en þeir eru haldnir á tveggja ára fresti til skiptis í löndunum fimm. Verður næsti fundur þess haldinn á Akureyri vorið 2004.

Stjórn Norræna lækna ráðsins hittist tvisvar á ári og er sameiginlegur vettvangur norrænu læknafélaganna. Annað hvert ár er öllum stjórnarmönnum félaganna og ýmsum embættismönnum boðið til fundar í ráðinu sjálfu. Læknafélag Íslands hefur þó aldrei sent fleiri en tvo eða þrjá fulltrúa á þessa fundi enda er þátttaka í þeim kostnaðarsöm fyrir félagið.

Á þessum fundum ráðsins eru tekin fyrir ákveðin mál og reynt að kryfja þau til mergjar. Aðalmál fundarins í Osló voru tvö: öryggi sjúklinga og skipulag og fjármögnun heilbrigðiskerfisins. Jón sagði í samtali við Lækna blaðið að það sem helst hefði komið mönnum á óvart í umræðum um öryggi sjúklinga hefði verið að rannsóknir í Danmörku bendi til þess að því sé ábótavant og að það sé minna en almennt er álitíð.

„Ég sé enga ástæðu til að ætla að þessu séu öðruvísi hagað hér á landi. Meðferð sjúklinga verður æ flóknari og þar með eru svo mörg atriði sem verða að ganga rétt. Mælingum, bæði sjálfvirkum og handvirkum, hefur fjölgað og í þeim getur margt brugðist. Á fundinum var varpað fram þeirri spurningu hvort ekki væri rétt að taka upp sömu vinnubrögð og viðhöfð eru í flugrekstri þar sem menn skoða öll atvik sem kalla má næstum því óhöpp og reyna að draga af

þeim ályktanir til þess að auka öryggið. Einnig var bent á að öryggisleysi sjúklinga á sér ekki eingöngu rætur í mannlegum mistökum heldur valda því einnig kerfislegar ástæður,“ sagði Jón.

Skipulag og fjármögnun heilbrigðisþjónustu er stöðugt til umræðu meðal norræna lækna. Þar hafði Þórður Sverrisson framsögu fyrir hönd Læknafélags Íslands en auk hans töluðu Finnar og Norðmenn. Í Noregi hafa orðið miklar breytingar á uppbyggingu heilbrigðiskerfisins og kom ýmislegt forvitnilegt fram í umræðunum sem of langt mál yrði að tífunda hér.

Símenntun og kjaramál

Auk þessara umræðna á ráðsfundum hefur stjórnin ýmis hagsmunamál lækna til umfjöllunar. Þar má nefna símenntun lækna sem oft er til umræðu. Þar er staða íslenskra lækna önnur og betri en kollega á Norðurlöndum hvað varðar rétt til að sækja námskeið og ráðstefnur því víðast hvar á Norðurlöndum fá eingöngu þeir sem halda fyrirlestra að sækja ráðstefnur.

Norræna lækna ráðið fylgist með því hvaða þjónustu lækna sem starfa tímabundið í öðru aðildarlandi geta fengið hjá læknafélagi gistilandsins. Er hægt að sjá á heimasíðum læknafélaganna hver þessi þjónusta er og hvaða stuðningsmenn geta vænst, svo sem í kjaramálum. Fyrir nokkru kom upp hugmynd um að gera samiburð á kjörum norræna lækna en frá því var horfið vegna þess hversu ólík launakerfin eru og einnig störf lækna frá einu landi til annars. Nefna má að víða er farið að gera vinnustaðasamninga. Þá koma umræður um lækna í vanda ávallt til umræðu á fundum ráðsins af og til enda um sambærileg vandamál að ræða í öllum löndunum.

Loks ber að nefna að vettvangi ráðsins og stjórnar þess er mótuð sameiginleg stefna norræna lækna út á við. Norrænu læknafélögin reyna að tala sem mest einum rómi í samstarfi evrópskra lækna og í Alþjóðafélagi lækna og Norræna lækna ráðið er kjörinn vettvangur til þess að samstillta raddirnar.